

HVERFISRÁÐ BREIÐHOLTS

Árið 2015, þriðjudaginn 15. desember, var haldinn 119. fundur Hverfisráðs Breiðholts. Fundurinn var haldinn í G-sal í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi og hófst kl. 16.15. Viðstödd voru Nichole Leigh Mosty formaður, Aðalheiður Frantzdóttir, Unnur Ágústsdóttir og Elísabet Ólöf Helgadóttir. Einnig voru mættir Óskar Dýrmundur Ólafsson hverfisstjóri og Bjarni Valur Guðmundsson sérfræðingur sem ritaði fundargerð.

Petta gerðist:

1. Afgreiðsla styrks til Jafningjafræðslu ungmennaráðs Breiðholts 2016:

- Kl. 16.20: Sveinn Hjörtur Guðfinnsson tekur sæti á fundinum.

Upphæð styrks sem sótt er 100 þúsund krónur. Enginn annar hefur sótt um. Kostnaður hefur ekki verið skilgreindur nákvæmlega. Greinargerð um nýtingu fjármagns liggur ekki fyrir. Lagt er til að ungmennaráðið fái 75 þúsund króna styrk og að styrkurinn sé skilyrtur með því að fulltrúar úr ungmennaráði komi á fund hverfisráðs og geri grein fyrir hvað styrkurinn fór í.

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

2. Stefnumið og framtíðarsýn kláruð og send til kynningar til borgarráðs:

Breiðholt er hverfi margbreytileika þar sem íbúalýðræði, heilsan og félagslegur jöfnuður eru höfð að leiðarljósi. Breiðholt er umhverfisvænt hverfi þar sem lögð er áhersla á samstarf um betra samfélag.

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Áður samþykkt stefnumið hverfisráðs eru 5 talsins og eftirfarandi:

1. Hverfisráð og lýðræði
 - a. Aukinn sýnileiki hverfisráðs.
 - i. Notkun á samfélagsmiðlum.
 - ii. Fundargerðir sendar á hverfisblað og miðlað á samfélagsmiðlum.
 - b. Samstarf við ungmennaráð Breiðholts.
 - c. Hverfisráð haldi reglulega opna íbúafundi /Breiðholtsþing.
 - d. Auglýst verði eftir styrkjum og styrkveitingum fylgt markvisst eftir.
 - e. Vel skilgreindar viðurkenningar innan hverfis.
 - f. Betri tengsl við stjórnsýslu og svið borgarinnar.
 - g. Bætt tengsl innan hverfis við stofnanir og þjónustu.
2. Þjónusta við fjölskyldur
 - a. Stuðningur við Heilsueflandi Breiðholt.
 - i. Stuðlað að meiri hreyfingu barna og ungmenna með aukinni notkun frístundakorts.
 - b. Stuðningur við uppbyggingu fjölskyldumiðstöðvar í Breiðholti.
 - c. Stuðningur við Menntun núna.
3. Sjálfbært hverfi
 - a. Þátttaka í hverfisskipulagi.
 - b. Stuðlað að vistvænum samgöngum.
 - c. Ræktunarmöguleikar fyrir matjurtir eflidir.
 - d. Stutt við framþróun í flokkun og losun úrgangs.
 - e. Menntun og fræðsla um sjálfbæra þróun, útikennslu o.fl.
 - f. Hvatt til þátttöku og framþróunar í Grænum skrefum.

4. Efling félagsauðs
 - a. Unnið að jákvæðum viðhorfum.
 - b. Stuðlað að viðburðum og uppákomum í hverfinu.
 - c. Bætt upplýsingaflæði um þjónustu.
 - d. Fræðsla um mannréttindi og margbreytileika samfélagsins.
 - e. Leitað leiða til að bæta móttöku nýrra íbúa í hverfinu.
 - f. Ráðningar í stofnunum taki mið af margbreytileika hverfisins.

5. Samstarf og starfsemi fyrirtækja og félagasamtaka
 - a. Uppbyggileg samskipti og samstarf við fyrirtæki um umbætur og umhirðu lóða og fasteigna.
 - b. Stuðningur og samstarf við félagasamtök, fyrirtæki, stofnanir og hópa um ýmis verkefni hverfinu til góða.
 - c. Öryggisvitund í hverfinu eflað með íbúum, lögreglu og öðrum hagsmunadílum, m.a. í gegnum verkefni eins og hverfarölt og nágrannavörslu.

3. Bókun til umhverfis- og skipulagsráðs:

Hverfisráð Breiðholts óskar eftir heildstæðri kynningu á öllum verkefnum USK í Breiðholti árið 2016. Kynningin fari fram á Breiðholtsþingi í upphafi árs.

4. Önnur bókun tekin upp:

Hverfisráð Breiðholts óskar eftir svari frá umhverfis- og skipulagsráði fyrir næsta fund hverfisráðs Breiðholts 18. janúar 2016 við 4. lið fundar 118 sem fór fram 17. nóvember 2015.

Fundi slitið kl. 17.24

Nichole Leigh Mosty

Unnur Ágústsdóttir
Aðalheiður Frantzdóttir

Elísabet Ólöf Helgadóttir
Sveinn Hjörtur Guðfinnsson